

Ártúnsskóli – leikskóladeild

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
1. Innra mat	4
2. Ytra mat	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4. Innra mat deilda 2024 – 2025	8
1. Árholt.....	8
2. Lágholt.....	9
3. Háholt	12
5. Styrkleikar.....	14
6. Tækifæri.....	14
1. Umbótaáætlun sérkennslu 2025 – 2026.....	16
2. Umbótaáætlun sérkennslu 2025 – 2026.....	17
3. Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	18
4. Umbótaáætlun – fjöltyngi 2025 – 2026	19
8. Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	20
9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
10. Foreldrasamvinna.....	22
11. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
12. Fylgiskjöl	23
13. Umbótaáætlun deilda 2025 – 2026.....	24
1. Umsögn foreldraráðs.....	26

Leiðarljós leikskólans: **Árangur – Virðing – Vellíðan**

1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2024 fór vel af stað í leikskóladeild Ártúnsskóla og góður viðsnúningur hefur orðið í starfsmannahaldi. Á Lágolti urðu óvæntar breytingar á stöðu deildastjóra og núverandi deildastjóri tók við deildinni á haustdögum. Nýr aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar tók til starfa í ágúst og var afar vel tekið af starfsmannahópnum.

Starfið á árinu var fram eftir hausti nokkuð litað af því að nýr stjórnandi tók við í ágúst auk tveggja nýrra deildarstjóra. Þegar líða tók á haustið kom í ljós aukin þörf fyrir áherslu á málþroska og að gera íslensku hærra undir höfði í leik og starfi. Á leikskólanum er ávallt lögð áhersla á gleði, vingjarnleika, dagskipulag og að öllum líði vel, bæði börnum og starfsfólki sem leiðir að ánægðum foreldrahóp. Við leggjum áherslu á félagsfærni og tungumálið og að börnin upplifi sig sem hluta af góðum hópi sem fæst daglega við verkefni leikskólans sem þau sjálf fá að vera þátttakendur í að móta. Stór hluti barna í leikskólanum er með fjölmennningarlegan bakgrunn og með annað móðurmál en íslensku. Málörvun og vinna með tungumálið hefur því verið leiðarljós að öllu faglegu starfi í vetur. Fengin hefur verið inn fræðsla fyrir starfsmannahópinn í vetur til að efla hópinn og styrkja.

Ártúnsskóli er staðsettur í fallegu umhverfi og leggjum við áherslu á að nýta það til útikennslu með börnunum. Áhersla hefur verið á gönguferðir og að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða s.s. hreyfingu, þol, upplifun og að læra að hlusta á náttúruna og hefur það gengið vel. Í þessum ferðum hefur einnig gefist tækifæri til að sankta að sér efnivið til að nýta í sköpun svo sem steinar, greinar, könglar og fleira. Ártúnsskóli er heilsueflandi skóli og fléttum við það inn í starfið okkar meðal annars með því að nýta íþróttahús skólans markvisst fyrir hreyfistundir og er það nú hluti af dagsskipulagi deildanna.

Áfram hefur verið unnið að aukinni samvinnu við grunnskóladeild og fundnir nýir fletir á samstarfinu. Lestrar- og leikstundir milli skólastiga voru festar í sessi auk tónlistarkennslu. Við munum halda því áfram á næsta skólaári og stefnum á danskennslu á næsta skólavetri. Íþróttasalur grunnskólans var vel nýttur og hver deild fer á þriggja vikna fresti í salinn og skólalóð grunnskólans vel nýtt á vordögum. Samvinna við grunnskólahluta eflir börn og starfsfólk og þau upplifa sig sem hluta af stærri heild. Það styrkir þau í því sem gerist í þeirra lífi þegar þáttaskil verða við 5 – 6 ára aldur og þau útskrifast frá okkur. Samstarfið styður því við þau á allan hátt fyrir komandi tíma. Einnig höfum við verið að bæta námsaðstæður barna, vinnuaðstöðu og aðbúnað með því að endurnýja hluti í þeim mæli sem fjármagn leyfir. Starfsmenn leikskóladeildar Ártúnsskóla eru samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar starfsmanna og sama má segja um niðurstöður starfsþróunarsamtala. Starfsmenn eru ánægðir

Í starfi, líður vel og eru stoltir af vinnustaðnum. Enda lítur út fyrir að litlar sem engar mannbreytingar verði að þessu sinni að loknu sumarleyfi og skólinn því vel mannaður á haustdögum.

Ellen Gísladóttir, skólastjóri Ártúnsskóla

Hanna Sóley Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar Ártúnsskóla

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

1. Innra mat

Hvað var metið?	Deildarfundir, fræðsla, Starfsmannafélag
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Deildarfundir: Með því að hafa reglulega deildarfundir yfir veturinn eins og áætlun gerir ráð fyrir geta starfsmenn deilda samræmt vinnubrögð og upplýsingaflæði verður betra. Á deildarfundum var meðal annars farið yfir dagsskipulag deildarinnar og farið vel yfir skipulag á deildinni í náinni framtíð. Einnig gefst tækifæri á deildarfundum til að samræma vinnuna á deildinni og sérstaklega með tilliti til barna með sérþarfir. Deildarfundir voru áætlaðir þá viku sem deildin á úthlutað íþróttahús sem er 1 – 2 x í mánuði. Vinna með íslensku: Fengin var inn fræðsla um náttúrulega kennslu og um efnið „Orð eru ævintýri“. Lögð var mikil áhersla á að starfsfólk tileinkað sér fræðsluna og nýtti sér í vinnu með börnunum s.s. að færa allar athafnir í orð og að leggja áherslu á íslensku með lestri, söng og umræðum við börnin.

	Starfsmannafélag: Áfram var aukning á þátttöku starfsmanna í hinum ýmsu viðburðum skólans á síðasta ári og hefur raunin verið svipuð á þessu ári. Jákvætt umtal um viðburði, fólk hvetur hvert annað til að mæta, sameinast í bíla, allt stuðlar að aukinni samveru utan vinnutíma.
--	---

2. Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsmanna á vegum Reykjavíkur var lögð fyrir í október til desember 2024. Niðurstöður voru ánægjulegar og var svarhlutfall nokkuð gott. Stjórnun, starfsandi, ánægja og stolt og jafnrétti kom vel út sem gefur okkur til kynna að starfsmönnum líði vel í vinnunni og séu stoltir af starfsstaðnum sínum. Atriði sem komu síður út eru launakjör og vinnuskilyrði. Húsnæði leikskólans er lúið og uppfyllir ekki nútíma vinnuskilyrði. Hljóðvist er léleg í húsinu og þröngt er um börn og starfsfólk.

Skóla- og frístundasvið gerði könnun á meðal foreldra leikskólans í apríl 2025 og svarhlutfall var **83,3%**. Margir þættir hafa hækkað frá könnuninni 2023, sem dæmi má nefna líðan barna, öryggi barnanna og andrúmsloftið. Mikið stökk var í stjórnun skólans og fór það í 92,1%. Eins hefur ánægja með skólann aukist og er komið í 81,6% en var 65,7%. Það þarf að vinna meira með stefnu leikskólans og einkunnarorð. Einnig þarf að upplýsa foreldra betur um faglegt starf sem á sér stað í leikskólanum. Aðbúnaður leikskólans er orðinn lúin og svo sannarlega komin tími á að endurnýja og endurskipuleggja.

Á skólaárinu hefur áfram verið unnið að því að skipta út ónýtum efnivið, löskuðum innréttingum og öðru sem á ekki heima í nútíma leikskólastarfi. Okkur varð að ósk um endurbætur á leikskólalóðinni. Í maí er verið að skipta út sandkassa og öllu tréverki, einnig hefur malarsvæði verið minnkað og lagðar grasþökur og gúmmímottur. Leiktæki verður skipt út og viðhaldi sinnt á eldri leiktækjum.

Hvað var metið? Foreldrakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Viðhorfs könnun fyrir foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar



3. Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun/ Náttúruleg kennsla og Orð eru ævintýri Samvinna deilda Lög mánaðarins Leikskólaverkefni Reykjavíkurborgar
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Málörvun/ Náttúruleg kennsla og Orð eru ævintýri: Tækifæri til umbóta er að vinna áfram með umbótaþætti síðasta árs í málörvun og nýta áfram Náttúrulega kennslu og Orð eru ævintýri og finna leiðir til að dýpka skilning og fagmennsku starfsmanna. Fengin verður meiri fræðsla um vinnu með tungumálið og á næsta ári hefur einnig verið ákveðið að nýta spil fyrir þjálfun í íslensku, söng og tónlist. Framhald verður á að tala um allt sem gerist í leikskólanum, halda umræðum á lofti við börnin og setja orð á alla hluti. Samvinna: Áfram verða deildarstjórafundir á dagskrá vikulega og í framhaldi verður aftur tekið upp flæði milli deilda en með örlítið breyttu sniði þar sem verkefni verða meira stýrð. Stefnt er á að starfsmenn fái fræðslu um farsælt samstarf milli deilda. Lög mánaðarins: Deildastjórinn á Háholti valdi 4 – 8 lög og söngtexta og setti lýsandi myndir. Þetta var útbúið fyrir allar deildir. Lögín voru æfð inni á deildum og sungin á söngstundum á föstudögum á sal leikskólans. Skemmtilegt verkefni sem verður byggt á áfram næsta vetur.

	Leikskólaverkefni Reykjavíkurborgar: Deildastjórar og sérkennslustjóri sóttu fræðslu til að efla sig sem stjórnendur, unnið var með styrkleika þeirra og hæfileika þeirra til að deila ábyrgð á deildinni sinni. Aðstoðarskólastjóri fór einnig á samskonar fræðslu og var þar einnig tekið inn í erfið samtöl eins og viðverusamtöl. Farið var inn á styrkleika og að efla sem stjórnanda. Byggja upp félagslegt tengsl innan stjórnenda í Reykjavík.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Rífa upp og halda umræðunni um þessi verkefni á lofti. Gefa áhugasömu starfsfólki aukna ábyrgð í stundunum og hlusta á raddir barna. Auka skráningu og eftirfylgni.
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri, skólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Málörvun, vægi sköpunar og samvinnu skoðuð í heild í leikskólanum. Hvernig er henni háttað, hvað gekk vel og hvað þarf að bæta. Byggt á samtali starfsfólks á starfsdögum og á deildarfundum. Samtali deildarstjóra, sérkennslustjóra og aðstoðarskólastjóra á deildarstjórafundum, annarra stjórnenda á stjórnendafundum. Í hverjum mánuði eru sett markmið og þeim fylgt eftir. Viðtöl við börn, sjálfsmat.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar málörvun er komin í fastan farveg án þess að þurfa mikla skipulagningu eða undirbúning. Verður eðlilegur hluti af starfi á deild. Vellíðan barna og starfsfólks skín í gegn. Allir stjórnendur hafa eflst í sínu starfi og takast á við verkefni dagsdaglega með meiri visku og samstöðu.

4. Innra mat deilda 2024 – 2025

1. Árholt

Aðlögun barna var þrískipt í haust til að gefa börnum og foreldrum þeirra sem farsælasta aðlögun. Áherslan á deildinni fyrir áramót var aðlögun barna og að skapa takt í deginum með þarfir barnanna í forgrunni. Allir foreldrar mættu í fyrsta viðtal fyrir aðlögun. Boðið var upp á foreldraviðtal í nóvember og voru um helmingur foreldra sem þáði viðtal. Skipulagt starf var í föstum skorðum og um sumarið var lögð áhersla á samvinnu deilda, útinám og aðlögun þeirra barna sem myndu flytja yfir á Lágholt um haustið.

Á deildinni er vel staðið að daglegri málörvun og unnið með grunnorðaforðann í gegnum leik og starf sem börnin taka þátt í, oftast í minni hópum. Stuðst hefur verið við Lubba, Orðaspjall



og Orðaleik, ásamt ýmsum bókmenntum og söngvum. Hæfniramar hafa verið nýttir sem og Tras. Unnið er með Gefðu 10.

Börnin hafa farið á þriggja vikna fresti í íþróttahúsið í grunnskóla eftir áramót og hefur sú stund eftir þau í hreyfingu, hreysti og þori. Börnin eru látin þjálfast sig á að ganga á tánum til auka tilfinninguna fyrir líkamanum.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun	Á deildarfundum og á deildarstjórafundum	Starfsmenn	Það gengur vel að stuðla að daglegri málörvun, starfsfólk er áhugasamt. Á næsta ári verður námskeið fyrir allt starfsfólk um Lubba.

Samverustundir	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Starfsmenn	Gæði samverustunda hafa aukist á tímabilinu í heild, lagt er upp með að skipta hópnum í tvennt. Það myndast betri gæði ef færri eru saman. Vel hefur tekist að skapa ró og að málörvun fari fram í samverustund með gleði og öryggi barna að leiðarljósi. Samverustundir hafa og eru notaðar fyrir markvissa málörvun.
-----------------------	---------------------------------------	------------	--

2. Lágholt

Á haustdögum tók nýr deildastjóri við deildinni sem stoppaði stutt við, um miðjan október tók núverandi deildastjóri við. Nokkrar mannbreytingar urðu framan af hausti en frá nóvember hefur verið stöðuleiki í starfsmannahópnum og lítur út fyrir að svo verði áfram. Á deildinni er góður andi, sem einkennist af samstarfi, gleði og fjölbreyttum verkefnum fyrir börnin. Starfið á deildinni einkennist af fagmennsku og metnaði. Boðið var upp á foreldraviðtöl í nóvember sem flestir foreldrar nýttu sér, boðið var upp á viðtöl á nýjan leik í maí. Skipulagt starf í föstum skorðum, deildastjóri lagði áherslu á sköpun, málörvun, gleði, hreyfingu og leik barnanna. Um sumarið var lögð áhersla á samvinnu deilda, útinám og aðlögun þeirra barna sem myndu flytja yfir á Háholt um haustið.

Á deildinni er vel staðið að daglegri málörvun og unnið með grunnorðaforðann í gegnum leik og starf sem börnin taka þátt í, oftast í minni hópum. Frekar hátt hlutfall



barna eru fjöltyngd þannig að áhersla hefur verið lögð á að stuðla að bættri málörvun og það verður unnið með það áfram. Stuðst hefur verið við Lubba, Orðaspjall og Orðaleik, ásamt

ýmsum bókmenntum og söngvum. Hæfniramar hafa verið nýttir sem og Tras. Unnið er með Gefðu 10. Mikil hefð hefur skapast á deildinni að vera með söngstund, Lubba stund og sögustund.

Börnin á Lágaholti fóru á þriggja vikna fresti í íþróttahús grunnskólans. Voru þær stundir nýttar vel til að kenna börnum ýmsa leiki og til að kynna fyrir þeim t.d. húllufhringi og sippubönd, bolta og fleira. Börnin tala mikið um þessar stundir heima og fylgir því mikil gleði.

Tónmenntarkennsla var einu sinni í viku eftir áramót, þá kom Sesselja tónmenntakennari yfir í leikskólann og vann með börnum í fámennum hópum. Þar var sungið og spilaði á hljóðfæri.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun	Á deildarstjórafundum og deildarfundum	Starfsmenn	Það gengur vel að stuðla að daglegri málörvun, starfsfólk er áhugasamt. Á næsta ári verður námskeið fyrir allt starfsfólk um Lubba.
Íþróttahús	Á deildarstjórafundum, deildarfundum	Starfsmenn	Farið var yfir hvað hefur gengið vel í íþróttahúsinu og hvað má betur fara. Mikil ánægja er með fastan tíma til að fara í íþróttahúsið og tengja það svo við



			deildafundi. Áhugi er hjá starfsfólki að próa þessar stundir meira og mikill áhugi er hjá börnunum að stunda fjölbreytta hreyfingu sem eykur þor, þol og hreysti barnanna.
Samverustundir	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Starfsmenn	Gæði samverustunda hafa aukist á tímabilinu. Samverustundir skila bestum árangri þegar börnunum er skipt í fámenna hópa. Vel hefur tekist að skapa ró og að málörvun fari fram með gleði og öryggi að leiðarljósi. Samverustundir eru í formi sögustunda, Lubba stunda og söngstunda. Börnin hafa náð góðum framförum í að hlusta og einbeita sér að þeim verkefnum sem verið er að vinna með.

3. Háholt

Háholt var fullmannað strax frá upphafi skólaárs, nýr deildastjóri tók við deildinni eftir sumarleyfi. Stuðningur á deildinni var talsverður og jókst þegar leið á veturinn. Skipulagt starf var í föstum skorðum og unnin hin ýmsu verkefni sem sneru mikið til að félagsfærni og tilfinningum í bland við skapandi starf, læsi og málörvun.



Boðið var upp á foreldraviðtöl í nóvember og þáðu um helmingur foreldra viðtal við deildastjóra, aftur voru foreldraviðtöl í maí. Á deildinni er vel staðið að daglegri málörvun og unnið með læsi í gegnum leik og starf sem börnin taka þátt í, oftast í minni hópum. Nokkuð hátt hlutfall barna eru fjöltyngd þannig að áhersla hefur verið lögð á að stuðla að málörvun og er það áframhaldandi áhersla á næsta ári. Stuðst hefur verið við Lubba, Orðaspjall og Orðaleik, ásamt ýmsum bókmenntum og söngvum. Hæfniramar hafa verið nýttir sem og Tras og Hljóm. Unnið er með Gefðu 10.

Háholt fór á þriggja vikna fresti í íþróttahúsið eftir áramót og var mjög mikil ánægja með það, þar var farið í ýmsa leiki og áhersla á að efla þol, þrek og þor hjá börnunum.

Börnin fóru í tvískiptum hópum Mánahópur (eldri börnin) og Sólarhópur (yngri börnin) í tónmennt alla mánudaga í grunnskólann, börnin sungu mikið bæði ný lög og sem þau kunnu áður og svo gafst oft tækifæri til að spila á hin ýmsu hljóðfæri. Þegar líða tók á mars mánuð var aðaláherslan lögð á barnamenningarhátíðar lögin því 7. apríl fór Mánahópur í Hörpu og söng á stóra sviðinu í Eldborg með tugi annarra jafnaldra.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun (Lubbi)	Á deildarstjórafundum og á deildarfundum	Starfsmenn	Það gengur vel að stuðla að daglegri málörvun, starfsfólk er áhugasamt. Á næsta



Íþróttahús			ári verður námskeið fyrir allt starfsfólk um Lubba.
	Á deildarstjórafundum og deildarfundum	Starfsmenn og börn	Almenn ánægja var með ferðir í íþróttahús, börnin nutu sín. Hópnum var stundum skipt upp í tvo hópa og kom það vel út. Farið var í fjölbreyttar æfingar sem æfa börnin í þoli, þreki og samhæfingu.
Tónmennt	Á deildafundum	Starfsmenn og börn	Almennt skemmtileg og góð stund. Börnunum fannst skemmtileg tilbreyting að fara yfir í grunnskólann í tónmennt.
Samverustundir	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Starfsmenn	Gæði samverustunda hafa aukist á tímabilinu. Samverustundir skila bestum árangri þegar börnunum er skipt í fámenna hópa. Vel hefur tekist að skapa ró og að málörvun fari fram með gleði og öryggi að leiðarljósi. Samverustundir eru í formi sögustunda, Lubba stunda og söngstunda. Börnin hafa náð góðum framförum í að hlusta og

			einbeita sér að þeim verkefnum sem verið er að vinna með. Hægt að nýta samverustundir enn frekar í vinnu með læsi.
--	--	--	--

5. Styrkleikar

Segja má að styrkleikar deilda séu um margt sameiginlegir. Þar ber hæst að nefna að samvinna og samtal milli fólks styrki og efli það í starfi. Þannig verða gæði náms betri fyrir börnin. Aukinn vöxtur hefur verið í að ná betur utan um samverustundir á deildum og að efla málörvun. Það hefur tekist mjög vel á árinu og allt bendir til að mun halda áfram að vaxa. Gefist hefur vel og skilað hefur góðum árangri að vinna með „náttúrulega kennslu“ og „Orð eru ævintýri“. Starfsfólk leikskólans er ráðagott og lausnamiðað á gólfinu og gengur í störf. Það bjargar málum hvað starfsfólk er áhugasamt og tilbúið að leggja aukalega á sig til þess að það læri betur að nýta sér það sem verið er að vinna með hverju sinni.

6. Tækifæri

Margt jákvætt og uppbyggilegt hefur átt sér stað í leikskólanum frá síðustu starfsáætlun. Starfsmannahópurinn er orðinn samheldnari og litlar sem engar breytingar eru fyrirsjáanlegar á starfsmannahópnum á haustdögum. Þar af leiðandi sjáum við fram á að starfið og helstu áherslur leikskólans haldi áfram að þróast og byggt verður áfram á því góða starfi og þekkingu frá síðastliðnum vetri.

Við sjáum fyrir okkur að efla enn frekar þátt málörvunar á öllum deildum, nýta það sem við höfum tileinkað okkur og þróa starfið með nýrri þekkingu sem við munum afla okkur á næsta ári. Gæði samverustunda eru okkur mikilvæg og einn liður skólastarfs sem ávallt þarf að skoða og gera úrbætur á ef þörf er á. Við vinnum með lifandi efnivið alla daga og er umhugað um að líðan og öryggi barnanna sé ávallt í fyrirrúmi. Útikennsluna stefnum við á að efla og festa í sessi. Útikennsla er stór þáttur í skólastarfi Ártúnsskóla og það gerum við með meira samstarfi við grunnskóladeildina.

Umbótaáætlun deilda 2025-2026 má finna í fylgiskjöllum.



7. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2024 – 2025

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Gerð var einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Áhersla var lögð á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Starfsfólk gætti allt að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir öll þau börn sem voru með stuðning eða talin þörf á að setja einstaklingsmiðuð markmið með. AEPES er notað sem grunnur í gerð einstaklingsáætlana. Þarfir hvers barns eru metnar en alltaf lögð áhersla á að barnið geti tekið þátt í öllu starfi deildanna. Allt starfsfólk á deildum ber ábyrgð á öllum börnum og stuðlaði að því að öll börn óháð sérkennslu tækju virkan þátt í öllu starfi á deildum. Starfsmenn í sérkennsluteymi sáu um að skrá alla vinnu sem fram fór með börnunum hvort sem það var í einstaklingskennslu eða í hópum á þar til gerð skráningarblöð.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 o.fl.	TRAS var fyllt út af deildarstjórum í samvinnu við sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri lagði EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári og Hljóm-2 fyrir elstu börnin. Foreldrar fylltu út Smábarnalistann eða Íslenska þroskalistann ef talin var þörf á að skoða málin nánar. Ýmsir gátlistar notaðir og enska útgáfu af AEPES fyrir foreldra af erlendum uppruna.



Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Notast hefur verið við námsefni á vef, t.d. www.fjolbreyttkennsla.is, www.123skoli.is og ordaleikur.is. Einnig efni sem starfsfólk hefur búið til. Aðkeypt námsefni er einnig notað s.s. myndabankar og spil.
--	---

1. Umbótaáætlun sérkennslu 2025 – 2026

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur (s.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjónrænt dagsskipulag
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Viljum að sjónrænt dagsskipulag sé í notkun á öllum deildum og sett upp með minni hópum í morgunsamveru.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Allar deildir hafi möppu með myndum sem eru notaðar í sjónrænt skipulag. Sjónrænt skipulag fyrir daginn sé sett upp í morgunsamveru á hverjum degi. Starfsfólki er sýnt hvernig hægt er að nota sjónrænt skipulag og frætt um ávinning þess að setja það upp í minni hópum. Búnaðar til minni myndakippur og settar á hringi með böndum fyrir starfsfólk að hafa á sér yfir daginn.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar



Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	september 2025 – desember 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Sjónrænt skipulag er orðið að föstum og sjálfsögðum lið á öllum deildum og hjá öllu starfsfólki á hverjum degi.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sjáum að börnin þekkja sjónræna skipulagið og gera sér grein fyrir merkingu myndanna. Allt starfsfólk gengur með myndakippu á sér á hverjum degi og við sjáum að börnin nýta sér einnig myndirnar sem starfsfólk gengur með á sér.

2. Umbótaáætlun sérkennslu 2025 – 2026

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótabáttur/matspáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Snemmtæk íhlutun
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Fjármagn fyrir snemmtæka íhlutun sé nýtt í stöðu sem sinnir markvissri málörvun í litlum hópum þvert á deildar.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Málörvunarhópar búnir til þvert á deildir með hliðsjón m.a. af TRAS, EFI-2 og Hljóm- 2.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júlí 2026 (skólaárið).
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Virkir málörvunarhópar þvert á aldur og deildar eru til staðar og fara í málörvun 1x í viku. Skráningarblöð



(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	notuð til að halda utan um hvað er verið að gera. Málproskaskimanir notaðar til að meta.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	TRAS Efi-2 og Hljóm-2 sýna framfarir

3. Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024 – 2025

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn var nýtt í að kaupa efni til málörvunar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Alltaf er verið að vinna með orðaforða á öllum deildum. Allar deildar nýta sér Gefðu 10.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)	Lögð er áhersla á að leggja inn orðaforða í öllum aðstæðum s.s. fataklefa og skipulögðu starfi deilda.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfnisrammar hafa verið nýttir að nokkru leiti þetta skólaár. Mætti gera í enn meira mæli. Notast er við TRAS og EFI-2 með öllum börnum. Einstaklingsáætlanir hafa verið gerðar fyrir börn ef það vakna meiri áhyggjur af og talin þörf á að fylgjast sérstaklega með.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málproska og	Vinna við Læsisstefnu leikskólans er langt komin. Starfsdagar hafa verið nýttir í að



virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	fræðast um málþroska barna og læsi. Mikil jákvæð þróun hefur átt sér stað meðal starfsfólks og almennt aukið meðvitund um mikilvægi þess að huga að öllum þáttum máls og þá sérstaklega hjá fjöltyngdum börnum. Læsisstefna leikskólans mun ýta undir og styðja við þá vinnu enn frekar.
---	--

4. Umbótaáætlun – fjöltyngi 2025 – 2026

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæfniramar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fylla út í hæfniramma fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans í samvinnu með deildarstjórum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórar fræddir um hæfnisramma m.a. með því að sitja námskeið á torginu. Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum setjast niður í byrjun skólaárs og fylla út fyrir fjöltyngd börn á hverri deild og eftir það með reglulegu millibili í samræmi við viðmiðin í hæfnirömmum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júlí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með út fylltum hæfnirömmum.



Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hæfniramar sýna fram á þróun máls hjá börnunum og aukinn orðaforða. Börnin tjá sig meira í daglegu starfi deilda.
---	--

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun fjöltyngdra barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Málörvunarhópar fyrir fjöltyngd börn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að skoða hæfniramma, EFI-2 og TRAS sjáum við hvað þarf að leggja áherslu á. Börnum raðað saman í hópa sem eru með svipaðar þarfir.
Ábyrgð	Deildarstjórar ásamt sérkennslustjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – desember 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hæfniramar eru notaðir sem matstæki sem og önnur matsgögn sem leikskólinn notast við.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hæfniramar sýna fram á aukinn orðaforða. Við sjáum að börnin tjá sig meira í almennu starfi leikskólans og taki meira frumkvæði í frjálsum leik.

8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars/apríl og tók aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar þau. Í heildina litið var ánægja með daglegt starf leikskólans og starfsfólk sátt við sín verkefni.

Starfsmenn nefna að þeim líði vel í vinnunni og hlakki til að mæta hvern morgun í vinnuna. Starfsmenn nefna í samtölunum að starfsandinn sé jákvæður, fólk líti á starfsmannahópinn sem félaga sína og samskipti séu hreinskipt og einkennist af virðingu og nærgætni. Niðurstöður viðhorfskönnunar Reykjavíkur styðja við þessar niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Við leitumst við að skoða fræðslu á sem fjölbreyttustu stöðum fyrir okkar starfsfólk. Á árinu fengum við fræðslu frá Austurmiðstöð um „náttúrulega kennslu“, allir starfsmenn sátu námskeið í skyndihjálp, kynning kom frá MMS um „Orð eru ævintýri“ og MÚÚ kom inn með kynningu og fræðslu um útinám. Aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar sátu námskeiðið „Leikskólaverkefni SFS - stjórnendapjálfun“. Einnig má geta þess að þrír starfsmenn eru að nema kennarafræði.

Áætlun um starfsþróun næsta árs sjá fylgiskjal 2.

9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við gerum ávallt samstarfssamning á milli grunnskóla- og leikskóladeildar að hausti. Hann stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmiði að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Við fengum tónlistarkennslu frá tónmenntakennara grunnskólans eftir áramót fyrir börnin á Háholti og Lágholti og studdi það heilmikið við tónlist og vellíðan hjá leikskólabörnunum. Nýr aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar nýtt sér reynslu sína frá samverum grunnskólans og innleiddi í leikskólann, fjölbreyttara laga val, markvissari stundir, hreyfing og dans og mánaðarlög í vikulegri söngstund leikskólans.

Líkt og áður var samstarfssamningur útbúinn að hausti, ákveðið var vegna þess að nýr stjórnandi tók við ásamt deildastjórum að setja hlé á lestrarstundir allra árganga grunnskóla en verður tekið upp á næsta skólaári með lítilega breyttri framkvæmd. 4. bekkur vinabekkur leikskólans kom í heimsókn í leikskólann í les- og leikstundir. Verkefnið studdi við samstarf fagfólks milli skólastiga og jók áhuga á læsi í heild sinni. Elstu börnin snæða hádegismat í grunnskólanum í eina viku í maí til að undirbúa sig fyrir skólagöngu sína.

Elstu börnin eru í góðu samstarfi við 1. bekk, leikskólabörnin fara í heimsókn til þeirra, taka þátt í léttum verkefnum, borða nesti og leika úti í frímínútum. Einnig kom 1. bekkur út í leikskóla að leika og farið var í gönguferð saman.

Eins og áður hefur komið fram nýtir leikskólinn íþróttahús grunnskólans.

Bókasafnið var nýtt til heimsókna og yndislesturs en von er til að nýta það enn frekar í framtíðinni.

Elstu börnin fóru einu sinni í heimilisfærði í grunnskólann og fengu að baka.

Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar sjá fylgiskjal 3.

10. Foreldrasamvinna

Lagt hefur verið upp með að stjórnendur séu sýnilegir og áfram unnið með gott og aukið upplýsingaflæði til foreldra, bæði frá stjórnendum og deildastjórum. Markvisst hafa stjórnendur tekið á móti börnum og foreldrum í upphafi og við lok dags, gefið sig á tal við foreldra og sýnt áhuga. Við lögðum áherslu á það að eiga í enn betra samtali við foreldra um börnin og starfið í leikskólanum. Við gerum það með því að senda vikulega póst til foreldra frá stjórnendum skólans og auk þess efldum við þátttöku deildarstjóra í upplýsingaflæði frá okkur. Vikulega sendu deildarstjórar bréf til foreldra þar sem upplýst var um það sem var í gangi á deildum og það sem var framundan. Áhersla var lögð á að efla foreldrasamskipti og starfsmenn hvattir til að gefa sig meira að foreldrum í upphafi og við lok dags.

Foreldraviðtöl voru við foreldra nýrra barna í ágúst og september, fyrir aðlögun. Önnur foreldraviðtöl áttu sér stað í október. Eftir áramót vorum við með foreldraviðtöl í maí, mjög vel var mætt í öll viðtölin, jákvæð umræða og ánægja foreldra.

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekin skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fundar að jafnaði fimm til sex sinnum á ári. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum.

Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólahluta.

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabíngó, hrekkjavökuball og vorverkadagur. Einnig greiðir foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina að jólasveininum. Á vorhátíð greiðir foreldrafélagið fyrir skemmtiatriði og var það Tónafljóð sem koma og skemmti börnum og starfsfólki. Einnig tók foreldrafélagið þátt í að greiða rútu kostnað fyrir hreystidag

vorið 2025, en þá fór grunnskólinn ásamt Háholti í göngu á Úlfarsfell. Foreldrafélagið bauð leikskólabörnunum að fá Krakkahesta í heimsókn til okkar sem var mjög skemmtilegt, umræða fyrir næsta vor þarf að eiga sér stað um hvort eigi að fá Krakkahesta annað árið og sveitarferð hitt.

11. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu.

Starfsdagar skólaársins 2025 – 2026 eru: 2. október 2025, 28. nóvember 2025, 2. janúar 2026, 6. febrúar 2026, 27. apríl 2026 og 20. maí 2026.

Leikskóladagatal sjá fylgiskjal 4.

12. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Umsögn skólaráðs

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun 2025-2026

Fylgiskjal 3 - Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2024-2025

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal Ártúnsskóla 2025-2026

Fylgiskjal 5 – Viðburðadagatal leikskóladeildar Ártúnsskóla 2025-2026

13. Umbótaáætlun deilda 2025 – 2026

Allar deildir leikskólans eru með sameiginlega umbótaáætlun fyrir árið 2025 - 2026. Okkar trú er að það komi til með að veita okkur enn betra tækifæri til að efla samstarf og stuðla að rauðum þræði í námi og leik barnanna. Með auknu samstarfi og samtali milli starfsfólks aukast líkur á meiri skilningi og starfsánægju sem skilar sér í auknum gæðum til barnanna.

Að þessu sinni munum við einbeita okkur að málþroska og hreyfingu.

Deild/aldur barna: Allar deildir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málþroski
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Til að styðja við málþroska barna og tryggja að þau fái bestu mögulegu aðstoð. Setja orð á alla hluti, endurtaka og bæta við orðum í setningar barnanna. Lög verður áherslu á fjölbreytt bókaval í sögustundum. Á næsta ári ætlum við að nýta hreyfingu og útiveru og þar er tækifæri til að auka orðaforða um náttúru og nærumhverfi.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Fjölbreytt og meira aðgengilegt efni til málörvunar, aukið foreldra samstarf, fræðsla fyrir starfsfólk og foreldra. Auka TMT (tákn með tali) og sjónrænt skipulag.
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, skólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat lagt á framvindu 1x í mánuði á deildarstjórafundum og deildarfundum. Kemur TRAS og Hljóm 2 betur milli ára. Niðurstöður TRAS og Hljóm 2 verða rýndar og nýttar til umbóta.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk upplifi sig öruggt í að ræða við börnin, kenna þeim fjölbreyttari orðaforða og noti t.d. Lubba stundir bæði úti og inni. Tileinki sér að tala og segja frá athöfnum daglegs lífs. Byrjum rólega að innleiða TMT inn á allar deildar, samrýmt milli deilda hvaða orð eru tekin inn í hverri viku.



Hreyfing í námi leikskólabarna	
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Að hreyfing fái aukið vægi í námi leikskólabarna. Við jukum hvort tveggja á líðandi ári og viljum efla enn frekar. Að allar deildar séu með það í viku skipulaginu sínu að þau fara út af leikskólalóðinni einu sinni í viku, fari og geri fjölbreytt verkefni úti til að auka hreysti og þol barnanna.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Allar deildar eru með göngur í nærumhverfi í vikuskipulagi.
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, skólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat lagt á framvindu 1x í mánuði á stjórnendafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum. Sjálfsmat lagt fyrir börn að vori. Skráning skoðuð og ígrunduð.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hreyfing stuðli að aukinni vellíðan leikskólabarna. Að stundirnar ýti undir aukna færni þeirra í félagslegum samskiptum, úthaldi, auka jákvæðni til hreyfingar og sjálfstæða hugsun.



Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

1. Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já þær samræmast starfi leikskólans, gott væri að setja hana upp á foreldrafundi að hausti, virkilega flott kynning í haust fyrir Árholt, skýrt hvað var verið að vinna með og sett upp á skýran máta.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já, mjög gott að lesa hana og auðvelt að skilja.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Já, mjög góð innsýn og væri gott að hafa samantekt fyrir foreldra eða benda á hvar megi lesa þessar skýrslu.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Engar athugasemdir. Aðalega hrós fyrir skýra og flotta áætlun flott og faglegt starf í vetur. Sem foreldri finn ég að barninu líður vel að koma á leikskólann og maður finnur líka fyrir því að starfsfólkið virðist ánæggt.

Fulltrúar í foreldraráði:

Árni Brynjúlfsson, í stjórn foreldrafélags Ártúnsskóla

Sandra Ýr Gísladóttir – foreldri og í stjórn foreldrafélags Ártúnsskóla

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

1. Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já þær samræmast starfi leikskólans, gott væri að setja hana upp á foreldrafundi að hausti, virkilega flott kynning í haust fyrir Árholt, skýrt hvað var verið að vinna með og sett upp á skýran máta.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já, mjög gott að lesa hana og auðvelt að skilja.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Já, mjög góð innsýn og væri gott að hafa samantekt fyrir foreldra eða benda á hvar megi lesa þessar skýrslu

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Engar athugasemdir. Aðalega hrós fyrir skýra og flotta áætlun flott og faglegt starf í vetur. Sem foreldri finn ég að barninu líður vel að koma á leikskólann og maður finnur líka fyrir því að starfsfólkið virðist ánægt.

Fulltrúar í foreldraráði:

Árni Brynjúlfsson, í stjórn foreldrafélags Ártúnsskóla

Sandra Ýr Gísladóttir – foreldri og í stjórn foreldrafélags Ártúnsskóla

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Sandra Ýr Gísladóttir
Árni Brynjúlfsson

F. h. leikskólans

Hanna Sælg Helgadóttir

27/06'25

Leikskólastjóri

Dagsetning



Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla 2025 - 2026

Námskeið/fræðslufundir/kynningar

Námskeið – fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímamagn	Tímasetning
Sumarsmiðjur SFS	Grunnskóla- kennarar	SFS	Misjafnt	11. - 13. ágúst
Að leiða erfið samtöl	Stjórnendur, grunnskóla- kennarar, deildarstjórar á leikskóla	Ólafur Kári frá Vinnuvís	1 klst	18. ágúst kl. 10
Forvarnir gegn einelti	Grunnskóla kennarar og stuðnings- starfsmenn	Kvan - Vanda Sigurgeirs	3 klst	19. ágúst kl. 13
Hvernig er best að styðja við börn með málproskaröskun (DLD)	Grunnskóla starfsmenn	Austur- miðstöð - Stella talmeina- fræðingur	1 klst.	20. ágúst kl. 9
Uppspretta á Kjarvalsstöðum	Kennarar	SFS	Mismun- andi	21. ágúst kl. 11 - 16
Líkamsbeiting	Allir starfsmenn	Rakel Dögg sjúkráþjálfari	1 - 2 klst	2. október kl. 13
Leiðsagnarnám	Grunnskóla- og leikskóla kennarar	Stjórnendur	5 klst	Allt skólaárið
Lestur	Grunnskóla kennarar	Miðja máls og læsis	2 klst	Haust 2025
Lubbi	Starrfsmenn leikskóla	Lubbi	2-4 klst	2. október kl. 9
Málproski	Leikskóla- starfsmenn	Miðja máls og læsis	2 klst	Vorönn
Endurmenntun stjórnenda	Stjórnendur	SFS	10 - 20 klst.	Á skólaárinu



Innra mat	Stjórnendur og kennarar	Austurmiðstöð	8 klst.	Allt skólaárið
Útinám og umhverfisfræðsla	Kennarar og deildarstjórar	MÚÚ	2 klst.	Allt skólaárið
Jafningjafræðsla	Kennarar	Stjórnendur	5 klst.	Vorönn
Leikskólaráðstefnan	Starfsmenn leikskóla	SFS	4 klst.	6. febrúar
Heilsuefling starfsmanna	Allir starfsmenn	Starfshópar í heilsueflingu og umhverfismennt	Misjafnt	Allt skólaárið
Tækninotkun í kennslu	Grunnskóla-kennarar	SFS - Mixtúra	Misjafnt	Á skólaárinu
Byrjendalæsi	Grunnskóla kennarar	Háskólinn á Akureyri	15 klst.	Allt skólaárið
Öskudagsráðstefna	Grunnskóla-kennarar	SFS	3 klst.	18. febrúar
Íslensku námskeið	Starfsmenn með annað móðurmál en íslensku	Stjórnendur	30 klst.	Á skólaárinu
Höfuð í bleyti	Stjórnendur frístunda-heimilis	SFS	4 klst	Á vorönn

Skólastjórnendur áskilja sér rétt til að fella niður námskeið / fræðslufundi eða færa til á skólaárinu.



Samstarfsverkefni grunnskóla- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2024 - 2025

Með góðu samstarfi, samskiptum og upplýsingaflæði milli skólastiga aukum við líkurnar á því að upplifun barna og annarra viðkomandi af þáttaskilum verði jákvæð. Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það að markmiði að auðvelda nemendum að fara á milli skólastiga.

Á elstu deild leikskóladeildar, Háholti, eru samtals 22 börn. Í Fjólubláa hóp (árg.2018) eru 12 börn og í Bláa hóp (árg.2019) eru 10 börn. Nemendur í 4.bekk og fjólublái hópur eru vinabekkir.

Stjórnendateymi fundar vikulega og þar er unnið að samstarfi og skipulagningu í tengslum við samstarf á milli skólastiga. Á kennarafundum er farið yfir verkefni og skipulag fyrir hvern mánuð.

Í hverjum mánuði vinnum við að samstarfsverkefnum á milli skólastiga. Þar má nefna:

- Heimsókn á bókasafn í sögustund
- Íþróttir í íþróttasal
- Heimilisfræði - bakstur
- Vinabekkir hittast
- Heimsókn í 1. bekk
- Heimsóknir eldri nemenda á leikskóladeild
- Hádegisverður í matsal grunnskóla að vori
- Samstarfsverkefni
- Sameiginleg þemavinna yfir skólaárið
- Samverustundir á sal
- Tónmennt
- Dans



	<u>Bókasafn</u>	<u>1.bekkur</u>	<u>4. bekkur - vinabekkur</u>	<u>Skólasel</u>	<u>Matsalur - Hringekja Heimilisfræði - Fundir Annað</u>
Ágúst/sept.	Aðlögun á leikskóladeild, skipulag unnið.				
Október	Mánudagur 14. okt. kl. 9:20 - Mánahópur í sögustund. Mánudagur 21. okt. kl. 9:20 Sólarhópur í sögustund	Mánahópur 30. okt kl. 9:05 - 9:45 heimsókn í bekk og í frímínútur.	Leika á lóð leikskólans 2. okt kl. 10:05		
Nóvember			Heimsókn í bekk, Lilja og Anna Dögg finna tíma	Mánahópur heimsækir Skólasel fimmtudaginn 7. nóvember kl. 9:05	
Desember		Mánahópur kemur á samveru 1. bekkjar 6. des kl. 8:25 1.b heimsækir Mánahóp á leikskóla	4.b heimsókn í leikskóla Lesi fyrir allar deildir		Mánahópur bakar í heimilisfræði m. Rakel mið 4. des kl. 12:15



	<u>Bókasafn</u>	<u>1.bekkur</u>	<u>4. bekkur - vinabekkur</u>	<u>Skólasel</u>	<u>Matsalur - Hringekja Heimilisfræði - Fundir Annað</u>
Janúar	Mánahópur 27. jan kl. 9:05 í sögustund Sólarhópur 27. jan kl. 9:35 í sögustund	Mánahópur í heimsókn í 1. bekk 29. janúar kl. 9:05 og í frímínútur			Hringekja á vorönn - skipulögð
Febrúar			Heimsókn í bekk, Lilja og Anna Dögg finna tíma	Mánahópur heimsækir Skólasel 20. feb kl. 9:05	Mánahópur bakar í heimilisfræði m. Rakel mið 12. feb kl. 12:15
Mars	Mánahópur 10. mars kl. 9:05 í sögustund Sólarhópur 10. mars kl. 9:35 í sögustund	Mánahópur í heimsókn í 1. bekk 26. mars kl. 9:05 og í frímínútur			
Apríl				Mánahópur í heimsókn í Skólasel 10. apríl kl. 9:05	Mánahópur bakar í heimilisfræði m. Rakel mið. 30. apríl kl. 12:15
Maí	Mánahópur 12. maí kl. 9:05 í sögustund Sólarhópur 12. maí kl. 9:35 í sögustund	1.b heimsækir leikskóladeild 7. maí kl. 9:05	4. b leika á lóð leikskólans mið 21. maí kl. 10:05		Íþróttadagur 14. maí - Háholt tekur þátt. Vorhátíð 28. maí - allir á leikskóladeild taka þátt



Nánari útlistun hvers þáttar

Íþróttatími í íþróttahúsi

Leikskóladeild á fastan tíma í íþróttahúsi á þriðjudögum frá 9:05 - 10:45. Í íþróttahúsinu fá leikskólabörnin tækifæri til að nýta þau tæki og tól sem eru í íþróttahúsinu með leikskólakennurum sínum.

Heimsóknir í 1. bekk

Í heimsóknunum munu leikskólabörnin hitta nemendur 1. bekkjar sem eru mörg hver fyrrum leikskólafélagar þeirra, fá að kynnast kennslustofu, vinna í kennslustund, leika saman, borða nesti og fara í frímínútur.

Skólasafn

Sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, lesin er saga fyrir börnin og þau skoða bókasafnið og bækur safnsins.

Frístundaheimilið Skólasel

Skólasel, leikskólabörnin fara í heimsókn í Skólasel og kynnast húsnæði og efnivið.

Samverur

Á föstudagssamverum í grunnskólanum sjá leikskólabörnin afrakstur bekkjanna sem eru með samverur.

1. bekkur úr Ártúnsskóla:

1. bekkur heimsækir Fjólubláa hópinn í leikskólann þar sem börnin fá að leika saman.

Eldri nemendur – heimsóknir:

Nemendur úr 4. bekk munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur. Fjólublái hópur mun einnig heimsækja 4. bekk og þá gefst tækifæri til að leika, lesa, spila, föndra og fleira í grunnskólanum.

Samstarfsverkefni

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund. Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara, forstöðumanns frístundar og deildarstjóra stoðþjónustu ásamt deildarstjóra Háholts.

Fulltrúar nemenda úr Fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vorfund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á.

Fjólublái hópur borðar hádegisverð í mötuneyti grunnskólans eina viku að vori til að kynnast þeirri rútínu og æfa sig fyrir komandi grunnskólagöngu.

Nemendur grunnskólans eru velkomnir í leikskólann þegar það hentar báðum aðilum. Best er að hringja yfir á undan til að spyrja hvernig staðan er. Sími hjá Hönnu er 7691.

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Ártúnsskóli - leikskóladeild

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M Lestrarsprettur	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn/ Dagur tónlistar	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagar	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Vorhátíð	1 M
2 L	2 Þ	2 F Starfsdagur allra deildir	2 S	2 Þ	2 F Starfsdagur leik- og grunnskóla	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur verslunarmar	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M Leikskóli opnar eftir sumarfrí	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándinn	6 F Starfsdagur allra deilda Dagur leikskólans	6 F	6 M Annar í Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólans	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ
8 F	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 S	10 M Hreystidagur	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M Skólaslit grunnskóla	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M Dagur íslenska táknmálsins	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M Uppáhaldsbókin mín	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M Þröttadagur	13 L	13 M
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærðfræðinna	14 Þ	14 F Uppstigningardagur	14 S	14 Þ
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F	16 M Bolludagur	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M Öskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Skráningardagar	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur mannréttinda barna	20 L	20 Þ	20 F Skráningardagar	20 F	20 M	20 M Starfsdagur leikskóla	20 L	20 M
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F Skóasetning grunnskóla	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf	22 S	22 M	22 F Umhverfis dagur	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorláksmessa	23 F Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M	24 F Skráningardagur	24 M	24 M Aðfangadagur jóla	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 F Jólardagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F	25 L
26 Þ	26 F Evrópski tungumál dagurinn	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skráningardagur	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M Starfsdagur leik- og grunnskóla	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ Skráningardagur	28 F Starfsdagur allra deilda	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Skráningardagur	29 F		29 S Pálmasunnudagur	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Skráningardagur	30 F		30 M Skráningardagur	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 S		31 F		31 M Gamli ársdagur	31 L		31 Þ Skráningardagur		31 S		31 F

Í reglum um leikskólaláðjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Viðburðir sem við erum með

Ágúst

Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi
Foreldraviðtöl vegna nýrra barna

September

Aðlögun nýrra barna
Foreldrasamtöl
Lestarsprettur

Október

Aðalfundur foreldrafélagsins
Foreldrakaffi: foreldrum boðið í heimsókn á deild að morgni dags
27. alþjóðlegi bangsadagurinn og náttföt
31. Hrekkjuvaka
Skráningardagar í vetrarleyfi

Nóvember

Baráttudagur gegn einelti: unnið með vináttu
Jólafundur foreldrafélagsins

Desember

Leitin að jólasveininum (til skoðunar)
Rauður dagur / jólasveinahúfur
Jólaball og jólamatur
Skráningardagar um jólin
Jólaskemmtun grunnskólans

Janúar

Lestarsprettur

Febrúar

Dagur leikskólans

Skráningardagar í vetrarleyfi

Mars

Foreldrakaffi: þakklæti í lok dags

Öskudagur: furðufataball í sal

21. alþjóðlegi Downs dagurinn, mislitir sokkar

Apríl

Skráningardagar í dimbilviku

Foreldrasamtöl

Maí

Íþróttadagur

Vorhátíð

21. opið hús í lok dags

Elstu börnin fara í heimsókn í grunnskóladeild með foreldrum

Elstu börnin borða á matsal

Júní

Útskriftarferð elstu barnanna

Útskrift elstu barnanna

Júlí

Leikskóladeild lokar í fjórar vikur